Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

STÉTTABARÁTTAN
VIKUBLAÐ
MÁLSVARI
VERKAFÓLKS!
Ársáskrift ....3000kr.
Hálfsársáskrift........1800kr.
Ársfjórðungsáskrift.... 1000kr.
Baráttuáskrift (gildir
fyrir heilt ár)..........5000kr.

23. tölublað

Þriðjudagur 21. júní

6. árgangur

Verð kr. 60.

Lærum af reynslunni

Nú er kominn tími til fyrir verkafólk að líta yfir farinn veg í undan farinni kjarabaráttu og bera hana síðan við aðrar kjaradeilur sem ASÍ-forystan hefur leitt. Alltaf skal komu upp sama staðan þ.e. að í stað þess að verkafólkið standi sameinað um kaupkröfuna og baráttan fari fram samkvæmt því á grundvelli fjöldabaráttu, þá setur ASÍ-forystan fram kröfu sem sameinar alls ekki verkalýðsstéttina, baráttan fer fram í vinalegum samræðum að Hótel Loftleiðum, verkafólkið skrimtir í tiltölulega máttlausum vinnustöðvunaraðgerðum og loks svíkur síðan ASÍ-forystan allar sínar ályktanir, samþykktir og loforð.

Baráttuaðferðirnar

Þær baráttuaðferðir sem leitt hefðu til sigurs er eins og Dagsbrúnarverkamenn reyndu að fá fram á félagsfundi yfirvinnubann mikið fyrr og síðan skæruverkföll á mikilvægustu framleiðslu- og samgöngugreinum. En gegn þessu snérust ASÍ-forystan og atvinnurekendur sameinaðir af mikilli heift. Niðurstaðan varð því sú að vegna lítillar virkni almenns verkafólks tókst þessum bandamönnum enn einu sinni að brjóta á bak aftur kröfu vinnandi fólksins um að geta lifað af dagvinnunni. Þeir kaupsamningar sem nú hafa verið undirritaðir kom að öllum líkindum til með að verða samþykktir vegna þess að aðferðir bandamanna miðuðu að því alla tíð að verkalýðsstéttin tapaði á tíma. Í fyrsta lagi vissu atvinnurekendur af vinnustöðvunaraðgerðum löngu áður en þær komu til framkvæmda, í öðru lagi langlundargeð forystumanna ASÍ við samningaborðið sem leiðir af sér vegna dýrtíðarinnar að kaupmáttur launa minnkar jafnt og þétt, Í þriðja lagi léleg vinnustöðvunargæsla og svona mætti lengi telja.

Samningarnir

Hinir undirrituðu samningar um beina kauphækkun eru: 18 þús.kr. við samþykkt þeirra, 5 þús. kr. 1. des., 5 þús. kr. 1. júní ´78 og 4 þús. kr. 1. sept. ´78. Samningarnir alls 32 þús. kr. gilda til 1. des. ´78. Að sjálfsögðu er óraunhæft að líta svo á að krónan haldi verðgildi sínu miðað við það sem hún er í dag fram til 1. des. ´78. En sem sagt ASÍ- forystan stóð ekki við, hún sveik þá kröfu um 100 þús. kr. lágmarks laun sem hún ætlaði sér að standa við eða falla með. Þess má geta að sú krafa sem er í dag orðin 117 þús. kr. samsvarar auðvitað á engan hátt þörfum vinnandi fólksins og þó hún hefði náðst fram væri það lítil uppbót. ASÍ-forystan tekur í þessum samningum eins og alltaf áður, ábyrga afstöðu með einkaeignarétti atvinnurekenda á atvinnutækjunum og að afkoma þeirra og gróðahlutfall skerðist sem minnst.

Afstaða flokksins

En Kommúnistaflokkurinn setur í dag kröfuna um lífvænleg laun fyrir dagvinnu á oddinn í kjarabaráttunni, en hann gerir sér fulla grein fyrir því að ASÍ-forystan kemur aldrei til með að ná henni fram. Því aðeins getur hún orðið raunveruleiki að verkafólkið taki sig saman um að knýja hana til sigurs og beiti til þess aðferð fjöldabaráttu á stéttargrundvelli. Nýjir starfshættir verða að koma til og aðrar baráttuaðferðir en undanfarið hefur verið beitt. Fyrsta skilyrði raunverulegs árangurs sem einhverju nemur er að lögð verði niður stéttasamvinnustefna og endurbótastefna ASÍ-forystunnar. Þær tvær stéttir sem mynda höfuðmóthverfur íslenska auðvaldsþjóðfélagsins verkalýðsstétt og borgarastétt eiga engra sameiginlegra hagsmuna að gæta hvorki í pólitísku baráttunni né þeirri faglegu.

Endurbótastefnan

Kommúnistaflokkurinn er ekki á móti endur- og umbótum til handa verkalýðnum, þvert á móti fagnar hann þeim. En verði endurbæturnar markmið í sjálfu sér nær endurbótastefnan tökum á verkalýðnum og gerir hann óstyrkan og háðan auðvaldinu. Því auðveldara verður borgurunum að hrifsa til baka og gera að engu endurbæturnar. Því sjálfstæðari sem verkalýðshreyfingin er og víðtækara takmark hennar, þannig að hún sé sem mest laus við þröngar umbótahugmyndir, er verkalýðnum auðveldara að festa í sessi og notfæra sér hinar ýmsu umbætur.

Þessi mynd er frá formannafundi verkalýðsfélaganna í Reykjavík og nágrenni. Komið hefur í ljós að þeir voru tilbúnir til að bakka með hverja einustu kröfu sem þeir samþykktu með sér á 33. þingi ASÍ og lofuðu verkfólki að staðið yrði við. Hvaða aðferðum sem þyrfti að beita.

Heyrt á Hótelinu

Þegar Stb. fór í prentun aðfaranótt 21. júní, voru tíðindamenn blaðsins nýkomnir utan af Hótel Loftleiðum. Þar höfðu þeir rætt við Halldór Björnsson aðalritara Dagsbrúnar, Björn Bjarnason formann Landssambands iðnverkafólks og Guðmund Þ. Jónsson varaformann Iðju í Reykjavík. Halldór tjáði þeim að búið væri að aflýsa öllum verkfallsaðgerðum og eins yfirvinnubanninu. Hann var spurður að því hvort Dagsbrún ætlaði að koma samningunum á prenti til félagsmanna sinna. Því svaraði hann til að hann teldi það ólíklegt og bar það fyrir sig hve tíminn væri naumur. Í samningunum í fyrra var stórlega ábótavant að almennir félagar í Dagsbrún hefðu tækifæri til að kynna sér raunverulegt innihald samninganna, heldur voru þeir lesnir yfir þeim í belg og biðu. og síðan voru greidd atkvæði. Halldór sagði að allar líkur væru á því að Dagsbrún héldi félagsfund kl. 1 fimmtudaginn 23. júní. Tíðindamennirnir inntu hann þá að hvort gengið hefði verið frá sérsamningunum við Eimskip. Þeir Dagsbrúnarstjórnarmenn höfðu í þeim samningum kaffitíma af hafnarverkamönnunum þar. Síðan settu þeir sérsamningana inn í aðalsamninga, án þess að spyrja kóng eða prest. Hafnarverkamenn söfnuðu undirskriftum þar sem þeir kröfðust þess að sérsamningarnir yrðu teknir út úr aðalsamningum. Undirrituðu þar 150 af þeim nöfn sín eða nær allir hjá Eimskip. Við þessa spurningu setti Halldórá sig snúð og labbaði burt með þeim orðum að þetta mál væri ekki rætt á þessum stað. Þeir forystumenn iðnverkafólksins voru spurðir að því hvers vegna hefði ekki verið beitt skæruverkfallsaðgerðum og hvers vegna Iðja hefði snúist gegn þeim. Fátt varð um svör nema hvað eitthvert muldur heyrðist um að þeir hefðu ekkert snúist gegn þeim. Þeir urðu síðan að viðurkenna skæruverkföll væru beittasta vopnið. Björn var þá spurður að því hvort hann væri búinn að snúa baki við baráttu gamla Kommúnistaflokks Íslands fyrir 8 stunda vinnudegi. Björn var nefnilega félagi þar. Hann hafði það að segja að ýmsum leiðum þyrfti að beita til að ná fram þeirri kröfu. Björn beitir væntanlega vænlegustu leiðunum.

Samningarnir:

Áframhaldandi kjaraskerðingar

Þeim sem fylgst hafa nokkuð náið með vinnubrögðum forystumanna Alþýðusambandsins kemur sjálfsagt ekki á óvart svik þeirra við verkalýðshreyfinguna í nýafstöðnum samningum. Í stuttu máli sagt eru þetta smánarlegir svikasamningar, sem í reyndinni þýða ekkert annað en áframhaldandi stórfelld kjaraskerðing fyrir verkafólk.

Það er vitað mál og viðurkennt af Þjóðhagsstofnuninni, að til þess að meðal verkamannafjölskylda geti lifað af dagvinnutekjunum einum saman, þurfi hún 150-160 þús. kr á mánuði. Alþýðusambandsþingið sem haldið var í nóv. s.l. tók ekki mið af þessarri staðreynd heldur setti fram kröfuna um 100þús. kr. lágmarkslaun, sem þýddi ekki aðeins uppgjöf í baráttunni gegn kjaraskerðingaráformum atvinnurekenda og ríkisvalds, -heldur var líka beinlínis viðurkenning á þeim áróðri borgarastéttarinnar, að ekki væri unnt að borga mannsæmandi laun vegna slæmrar stöðu þjóðarbúsins o.s.frv.

100þús.kr. krafa ASÍ-forystunnar var í dag orðin með vísitölubótum 117 þús. Það sem nú er samið um er 18.000 kr. kauphækkun, strax við undirritun samninganna, 5.000 kr. 1.des.1977, aðrar 5.000 kr. 1.júní 1978 og loks 4.000 kr. 1.sept. 1978. Það er ekki fyrr en 1.sept. sem lægstu laun verða komin uppí 102.000 kr. á mánuði, fyrir utan hugsanlegar vísitölu- og verðbætur. ASÍ-forystan hefur þannig ekki aðeins slegið 15.000 kr. af sinni upphaflegu kröfu, því án efa má reikna með því að kaupmátturinn verði minni í lok samningstímabilsins heldur en nú eftir fyrstu hækkun, þar sem ekki er um fullar vísitölubætur á laun að ræða.

Hvað snertir vísitölumálið var upphafleg krafa ASÍ fullar vísitölubætur á laun. Slík krafa er mjög þýðingarmikil, því þetta eitt getur tryggt nokkurn veginn óbreyttan kaupmátt launa. En í þessu tilliti hefur ASÍ-forystan líka gefið eftir. Þeir verðbótaaukar og þær vísitölubætur sem nú taka gildi með þessum samningum eru að vísu illskárri en "rauðu strikin" svonefndu, en fjarri fer því að fullum vísitölubótum sé náð. Það sem er nýtt í þessum samningum er að greiddur er sérstakur verðbótaauki, en hann á að mæta þeim verðhækkunum, sem verða á samningstímabilinu, en gallinn er bara sá, að þessi verðbótaauki verður ekki greiddur fyrr en 1.des. í fyrsta sinn og tekur ekki gildi nema kjaraskerðingin verði meiri en 1%. Sami hængurinn er á vísitölubótunum, þær verða aðeins greiddar á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 1.sept. Eins og með "rauðu strikin" þá verða vísitölubæturnar reiknaðar út fyrir þrjá mánuði í senn, en koma ekki til útborgunar fyrr en mánuði eftir. Þetta þýðir, að verkafólk þarf jafnvel að bíða í rúma þrjá mánuði eftir því að kjaraskerðingin verði bætt, m.ö.o. þær verðhækkanir, sem kunna að dynja yfir nú í lok júní verða ekki bættar í hækkuðu kaupi fyrr en eftir 1.sept. n.k. Þar að auki ná vísitölubæturnar ekki yfir hvaða verðhækkanir sem er, því hækkun á landbúnaðarvörum vegna hækkunar launaliðar bóndans reiknast ekki með í vísitölugrundvellinum, auk hækkunar á ýmsum þjónustuliðum, s.s. rafmagni og hita, og sömuleiðis áfengi og tóbaki eins og verið hefur. Það er því kannski fátt eftir, sem vísitölubætur fást fyrir, því það er vissulega hægðarleikur einn fyrir auðvaldið að láta líta svo út sem allar hækkanir á landbúnaðarvörum séu vegna hækkunar á launalið bóndans.

Það hefur ekki vantað gorgeirinn hjá forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar, bæði fyrir og eftir samningana. Á síðasta Alþýðusambandsþingi gáfu þessir herrar út hástemmdar yfirlýsingar um að nú ætti að snúa vörn í sókn og þegar samkomulag

FRAMHALD Á BLS 2.

LEIÐARI:

FRAMHALD AF FORSÍÐU

hafði náðst á Vestfjörðum lýsti Björn Jónsson því yfir, að hann gæti ekki sætt sig við slíkt samkomulag, bæði hvað snertir sjálfa kauphækkunina og samningstímabilið. Daginn eftir hafði hann gengið á bak orða sinna, því ekki munar nema 2.000 kr. á kauphækkuninni í aðalsamningunum og á Vestfjörðum og samningstímabilið er aðeins mánuði styttra en þar. En Björn er fljótur að skipta um skoðun, ef því er að skipta. Hann lýsir því nú yfir, að þetta séu bestu samningar sem hann minnist.

Enn einu sinni hafa þessir verkalýðsforingjar sýnt fram á undirlægjuhátt sinn og hvernig þeir eru beinlínis fulltrúar auðvaldsins í herbúðum verkalýðshreyfingarinnar. Og þeir hafa líka tekið undir kökukenningu atvinnurekenda og ríkisvalds um að ekki sé meira til skiptanna, verkalýðurinn geti því miður ekki fengið meira í sinn hlut af bitanum. Þessi kenning er ekki einasta þvættingur, heldur elur hún beinlínis á sundurþykkju meðal verkalýðsstéttarinnar.

Þessir svikasamningar sýna ljóslega fram á nauðsyn þess að berjast verður gegn ASÍ-broddunum af fullri hörku. Þeir eru ávallt reiðubúnir að fara aftan að verkafólki og brjóta allan baráttuvilja þess á bak aftur. Fylgi kröfunnar um lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku eykst með degi hverjum; yfirvinnubannið hefur orðið mörgu verkafólki lærdómsrík reynsla hvað varðar nauðsyn þess, að verkamannafjölskylda geti lifað af dagvinnutekjunum einum saman. En sú krafa mun aldrei ná fram að ganga nema virkni hins almenna launþega komi til. Kommúnistaflokkur Íslands hvetur því verkafólk um land allt til að fylkja sér um þessa kröfu, sem aðeins getur orðið að veruleika í harðvítugri baráttu gegn uppkeyptri og mútuþægri forystu alþýðusamtakanna.

18.6. '77.

Ísrael...

FRAMHALD AF BAKSÍÐU

Palestínuríki á sérhverjum hluta Palestínu, sem yfirgefinn hefur verið eða frelsaður.

Síonistar hræðast frið og vinna gegn friði. Þetta er ástæða þess að þeir safna nú að sér m.a. gereyðingarvopnum frá bandamanni sínum, Bandaríkjum Norður - Ameríku. Ísraelsmenn eru að undirbúa nýtt stríð í Mið -Austurlöndum, til þess að eiga betri möguleika á að koma sínum eigin "friðar" skilmálum að á þessu svæði. Diplómatískar aðgerðir nokkurra vestrænna utanríkisráðherra eru ekkert annað en venjulegar aðferðir til að vinna tíma fyrir áætlanir Ísrael.

Palestínumenn eru vakandi fyrir allri þessari þróun. Ásamt öllum vinum sínum og bandamönnum og öllum friðelskandi öflum í heiminum, verða þeir að auka tilraunir sínar til að afhjúpa hina árásargjörnu stjórnarstefnu síonista, að ná undir sín yfirráð og gera að nýlendum sínum, arabísk landsvæði.

Ísraelskur hermaður merkir bústað Palestínumanns. Þessa sömu aðferð notuðu þýsku nasistarnir í ofsóknum sínum gegn gyðingum (hina frægu gyðingastjörnu) og nú beita síonistar henni gegn palestínsku þjóðinni.

Þýtt og endursagt úr Palestine.

Útgerðarforkólfar...

FRAMHALD AF BAKSÍÐU

in krefðist þess hins vegar yfirleitt af farþegum að þeir tryggi sig í ferðinni svo ábyrgðin hvíli ekki á útgerðinni, ef óhapp henti Var okkur jafnframt sagt að væru farþegar skráðir með starfstitli um borð s.s háseti og 2. matsveinn, væri ætlast til að þeir sinntu þeim störfum.

Svo virðist með öðrum orðum að Ragnar Júlíusson og frú hafi því ekki aðeins komist á ódýran hátt til útlanda, heldur hafi þau einnig sloppið við að greiða tryggingargjöld fyrir sig. Má vera að útgerðarráð Bæjarútgerðarinnar sé með þessu að verðlauna Ragnar fyrir góð störf í þágu ráðsins, en því miður náðist ekki til manna í útgerðarráði í gær.

Togarinn fór utan síðdegis á föstudag í síðustu viku og gat vart annar tími hentað betur því sama morgun þurfti Ragnar Júlíusson að vera við veiðar í Elliðaánum, sem þá voru opnaðar. Strax að veiði lokinni í Elliðaánum gat hann stokkið um borð í togarann og hafið hásetastörf sín.

Alls fóru með Bjarna Benedikts syni í þessa ferð 13manns eða "aðeins þeir sem þurftu að fara til að sigla skipinu" eins og Einar Sveinson forstjóri orðaði það. "

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 _ 121 R.
einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15
opin mánud. til föstud.
kl. 15:00 - 18:30.

Hafnarfjörður Fjóla Rögnv.
Reykjavíkurvegi 24

Akureyri Jón Atli Játvarðsson
Hafnarstræti 23

Snæfellsnes: Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10, Hellissandi.

Ísafjörður: Kristinn Karlsson
Fjarðastræti 7.

Neskaupsstaður: Messíana
Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.

Suðurnes: Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c, Keflavík.

DUFÞAKUR skrifar um: Einangrun verkalýðsins...

FRAMHALD AF SÍÐU 3.

í Efra-Breiðholtinu, en hvenær menningin mun halda innreið sína í Breiðholtshverfið er ekki gott að vita, allavega er ekki byrjað á grunninum ennþá. Slíkt tekur að sjálfsögðu sinn tíma, hins vegar rísa ný bankaútibú og nýjar bensínstöðvar með eldingarhraða.

Breiðholt er sannkallaður svefnstaður eins og slík úthverfi stórborga eru gjarnan nefnd. Breiðholt er líka dæmigert verkamannahverfi. Það eru vissulega engin mistök í skipulagi Reykjavíkurborgar, að ástandið í Breiðholtinu er eins og raun ber vitni. Þegar betur er að gáð á þetta sínar orsakir í auðvaldsskipulaginu. Í fyrsta lagi eru hvers konar tómstundaiðkanir og menningarstarfsemi engar gróðalindir á borð við t.d. banka og bensínstöðvar. Í öðru lagi er heppilegra fyrir auðvaldið að halda hverjum einstaklingi sem mest innan fjögurra veggja heimilisins eðlileg samskipti manna á meðal kalla á samstarf þeirra og sameiningu.

Til að auðvaldsþjóðfélagið fái þrifist þarf borgarastéttin að halda verkalýðnum sem mest sundruðum og einangruðum. Sérhvert skref, sem stigið er í átt til sameiningar verkalýðsstéttarinnar er stríðsyfirlýsing á hendur þessu skipulagi.

Dufþakur.



Barátta sjómanna

FRAMHALD AF BAKSÍÐU

Eins og töflurnar sýna eru laun vestfirsku togarasjómannanna öllu hærri en annarra sjómanna. Ekki er það þó vegna þess að þeir hafi náð betri kjarasamningum en aðrir heldur er það fyrst og fremst vegna þess hve stutt er á miðin. Þess vegna verður verðmæti afla þeirra yfirleitt mikið meira auk þess sem þeir landa miklu oftar en togarar frá öðrum landshlutum. Þeir geta einnig leitað til hafnar er brælir og komið út aftur þegar veðrið er að ganga niður. Togara annars staðar frá hafa margir hverjir ákveðna löndunardaga og verða því að yfirgefa miðin þó svo uppgrip séu, eða vera í landvari í verstu brælum og láta fiskinn hrekjast í lestinni.

Lesendum skal bent á að allar tölur í greininn miðast við að sjómenn fari alla túra svo raunverulegar árstekjur sjómanna eru sennilega aðeins um 60-80% af uppgefnum tölum.

TOGARI -	ÁRSLAUN UNDIRMANNS (engum túr sleppt)	JAFNAÐTÍMAKAUP 12 klst.	14 klst.	16 klst.	fjöldi landana
SV-land:					
Aðalvík KE	2.558.139	804 kr.	689 kr.	603 kr.	25
Dagstjarnan KE	2.746.79[illegible]	747 kr.	640 kr.	560 kr.	30
Erlingur GK	2.370.201	655 kr.	562 kr.	491 kr.	30
Framtíðin KE	2.115.398	601 kr.	515 kr.	450 kr.	
Har. Böðv. AK	2.804.620	802 kr.	688 kr.	602 kr.	31
Hjörleifur RE	2.263.142	551 kr.	472 kr.	413 kr.	19
Jón Vídalín ÁR	2.180.870	617 kr.	528 kr.	426 kr.	25
Krossvík AK	2.511.705	651 kr.	558 kr.	488 kr.	30
Otur GK	2.405.203	639 kr.	548 kr.	479 kr.	25
Runólfur SH	1.960.224	667 kr.	572 kr.	501 kr.	25
Vestmannaey VE	2.022.051	604 kr.	518 kr.	453 kr.	30
Norðurland:					
Arnar HU	2.601.676	788 kr.	675 kr.	591 kr.	31
Björgvin EA	3.259.736	875 kr.	750 kr.	656 kr.	30
Dagný SI	2.533.900	831 kr.	712 kr.	623 kr.	23
Drangey SK	2.428.704	636 kr.	546 kr.	477 kr.	28
Hegranes SK	1.519.9[illegible]0	456 kr.	391 kr.	342 kr.	29
Ólafur Bekkur ÓF	2.107.776	654 kr.	561 kr.	491 kr.	26
Rauðinúpur ÞH	2.468.889	677 kr.	580 kr.	508 kr.	32
Sigluvík SI	2.200.608	663 kr.	568 kr.	497 kr.	25
Skafti SK	2.390.611	630 kr.	540 kr.	472 kr.	31
Snæfell EA	2.597.260	743 kr.	637 kr.	557 kr.	
Sólberg ÓF	3.690.566	968 kr.	830 kr.	726 kr.	29
Stálvík SI	2.933.664	794 kr.	681 kr.	597 kr.	29
Austfirðir:					
Barði NK	2.271.782	656 kr.	562 kr.	492 kr.	30
Bjartur NK	2.146.675	611 kr.	524 kr.	458 kr.	29
Brettingur NS	2.052.864	631 kr.	541 kr.	473 kr.	28
Gullver NS	1.670.534	582 kr.	499 kr.	436 kr.	27
Hólmanes SU	2.801.280	782 kr.	670 kr.	586 kr.	34
Hólmatindur SU	1.855.372	594 kr.	509 kr.	445 kr.	30
Hvalbakur SU	1.809.984	569 kr.	488 kr.	427 kr.	32
Ljósafell SU	2.625.657	807 kr.	691 kr.	605 kr.	39
Skinney SF	2.075.577	605 kr.	518 kr.	454 kr.	28
Vestfirðir:					
Bessi ÍS	4.113.446	1156 kr.	991 kr.	867 kr.	42
Dagrún ÍS	3.695.481	1023 kr.	877 kr.	767 kr.	40
Framnes ÍS	2.908.684	804 kr.	691 kr.	605 kr.	38
Guðbjartur ÍS	4.385.283	1200 kr.	1028 kr.	900 kr.	42
Guðbjörg ÍS	4.389.868	1285 kr.	1101 kr.	964 kr.	37
Gyllir ÍS	3.356.313	1157 kr.	992 kr.	868 kr.	33
Júl. Geirm. ÍS	3.907.267	1083 kr.	928 kr.	812 kr.	41
Páll Páls. ÍS	3.287.520	925 kr.	793 kr.	694 kr.	39
Trausti ÍS	1.915.276	653 kr.	560 kr.	490 kr.	
Meðaltal:		760 kr.	652 kr.	569 kr.	
Meðaltal ef Vestfjarðartogurunum er sleppt		680 kr.	586 kr.	512 kr.	

...í stuttu máli

RÁNYRKJA SOVÉTRÍKJANNA VIÐ AFRÍKUSTRENDUR.

Sovéski fiskveiðiflotinn veiðir um 90% afla síns á fjarlægum miðum. Sérstaklega hefur hann einbeitt sér að ströndum Afríku. Sovétmenn og Kúbanir hafa á mjög áhrifamikinn hátt "hjálpað" Angóla til að veiða fiskinn við strendur landsins sem íbúar Angóla geta ekki nýtt vegna vanþróaðs tækjabúnaðar. En Angóla er langt í frá að vera eina landi í Afríku þar sem sovéskir úthafstogarar "ryksuga" hafsbotninn. Af þeim 3 milljónum tonna sem veiðast við strendur V-Afríku veiða Sovétmenn helminginn. Þeir hafa einnig fengið einokunaraðstöðu á sölu freðfisks til margra landa í V-Afríku, t.d. selja þeir árlega um 100 þús. tonn til Fílabeinsstrandarinnar. Mest rányrkja á sér stað utan við strendur Guinea-Bissau, Senegal og Mauretaniu.

Stéttabaráttan hefur áður bent á hættuna af því ákvæði í drögum að hafréttasamningnum að ef strandríki geti ekki nýtt auðlindir innan 200 mílna lögsögu sinnar sé því skylt að veita öðrum ríkjum heimild til að nýta þær. Sovétmenn hafa þegar nær gjöreytt fiskistofninum við Grænlandsstrendur með ryksuguflota sínum, og ef ekki verður tekin upp hörð barátta gegn þeirri fiskveiðipólitík sem þeir ásamt Japan og U.S.A. eru einkum fulltrúar fyrir munu sósíalheimsvaldasinnarnir ekki hætta fyrr en þeir hafa gert fiskistofnum við Afríku sömu skil.

ÚR BARÁTTUNNI

Í Niðursuðuverksmiðjunni ORA hefur yfirvinnubannið verið brotið frá því það var sett á 1. maí. Vinnutími verkafólksins er frá kl. 8 til kl. 4 og hálf tími í mat og enginn kaffitími eftir hádegi. Hvern einasta dag verða vélamennirnir að vinna frameftir við að sjóða niður það sem um daginn hefur verið látið í dósir. En í yfirvinnubanninu fóru þeir heim að lokinni dagvinnu rétt eins og annað stéttvíst verkafólk. En eigendur fyrirtækisins sáu til þess að þeir bæru í engu skertan hlut frá borði og létu því verkstjórann vinna áfram og ganga inn í störf vélamannanna Þetta verkfallsbrot gerði það að verkum að verkakonurnar unnu fullan vinnudag en annars hefðu þær orðið að hætta framleiðslunni kl. 1. Því lítið dugir að fylla dósir af matvælum séu þau ekki soðin á eftir. Og suðan tekur minnst 3 tíma. Snemma í júní var verkfallsstjóra Dagsbrúnar (Kristvin) tilkynnt um brotið, (því annar vélamaðurinn er í Dagsbrún) en hann bar málið af sér vegna þess að verkakonurnar í ORA eru í Framsókn. Hann hafði þó samband við verkfallsstjórn Framsóknar, sem svo aftur höfðu samband við trúnaðarkonu félagsins á vinnustaðnum. Sú sagði þau ósannindi að um engin brot væri að ræða. Þegar ekkert varð úr að varsla léti sjá sig á vinnustaðnum fóru viðkomandi menn að athuga hverju það sætti. Kom þá í ljós að trúnaðarkonunni sem á sæti í verkfallstjórn Framsóknar (Stella) hafði tekist að svæfa málið.

FRAMHALD Á BLS. 3

Dufþakur skrifar um:

Einangrun verkalýðsins í Breiðholti

Ungt fólk, einkum af verkalýðsstétt, sem byrjað hefur sinn búskap nú síðustu árin, hefur að stórum hluta flust í Breiðholtshverfið. Þar hefur fólksfjölgun á höfuðstaðnum orðið hvað örust og þó víðar væri leitað. Nú munu íbúar Breiðholts vera um og yfir 20 þús. og er meðalaldur þeirra rétt um tvítugt. Þetta svarar til þess;. að íbúatalan er þar hærri en t.d. í stórum kaupstöðum eins og Kópavogi, Hafnarfirði og Akureyri. En skyldi þessi mikli fólksflutningur stafa af því , að í Breiðholtinu væri betur búið að fólki en annars staðar, þjónusta væri þar meiri o.s.frv. ? Nei ástæðan er einfaldlega sú, að í Breiðholtinu gefst ungu verkafólki kostur á að koma yfir sig þaki á sem hagkvæmastan hátt og með sem minnstum tilkostnaði. Flestar íbúðanna eru byggðar á vegum Framkvæmdanefndar byggingaáætlunar í Breiðholtshverfi og er verð þeirra lægra en gerist á almennum markaði, auk þess sem Húsnæðismálastofnunin lánar 80% af andvirðinu til 30 ára. Það skal því engan undra þó að ungt fólk notfæri sér slík lánskjör. Reyndar geta það færri en vilja, því að jafnaði eru 4-5 umsóknir um hverja íbúð.

Það sem hér er þó einkum ætlunin að fjalla um, er hversu háttað er félagslífi í Breiðholtshverfinu og allri þjónustu við íbúa þess. Sá sem ekur um Breiðholtshverfið tekur fljótlega eftir hinu litlausa og ómanneskjulega umhverfi þess. Þarna er hver steinkassinn öðrum líkur og þeim komið fyrir með vissu millibili. Hver blettur er malbikaður ef slíkt hentar skipulaginu og þar sem ætti að vera almenningsgarður með bekkjum er bara moldarleðja. Þetta þrennt einkennir því umhverfi Breiðholts öðru fremur: Steinsteypa, malbik og moldarleðja. Þarna er ekki heldur gert ráð fyrir gangandi vegfarendum, því göngugöturnar eru aðeins inn á milli íbúðarblokkanna en ekki meðfram akvegum. Fólk sem ætlar sér í gönguferðir um hverfið verður því annað hvort að leggja sig í lífsháska með því að ganga á miðjum götum ellegar vaða moldarleðjuna í hné.

Öll þjónusta við íbúa Breiðholts er vægast sagt mjög léleg. Hana þarf að sækja, utan það allra brýnasta, niður í bæ. Aðeins eitt apótek og aðeins eitt pósthús er að finna í öllu hverfinu hvort tveggja staðsett í Neðra-Breiðholti. Engin læknastofa er í hverfinu eða heilsugæsla af nokkru tagi. Og þannig mætti lengi telja. Í nýjasta hluta hverfisins, Seljahverfinu, er aðeins ein matvörubúð og ekkert annað. Þetta þýðir að íbúar verkamannabústaðanna þurfa að ganga langar leiðir til að gera matarinnkaup.

Þó að þjónustu við íbúa Breiðholtshverfisins sé í mörgu ábótavant, er félagslífið þó öllu verr á vegi statt. Tómstundaiðkanir fyrir unglinga eru fábreytilegar og engar fyrir fullorðna. Það vantar með öllu einhvern stað þar sem fólkið getur komið saman og rætt málin. Þó ekki væri nema eitt lítið kaffihús. Hvers konar skemmtana- og menningarlíf virðist hér vera forboðinn hlutur. Skemmtistaður er enginn, ekki heldur kvikmyndhús né leikhús, né sýningarsalur fyrir listaverk o.s.frv. Hvað varðar yngstu kynslóðina skortir ekki leikvelli, en dagheimili og leikskólar eru alltof fáir, það getur tekið 1-2 ár að bíða eftir plássi þar. Heyrt hef ég að til standi að byggja menningarhöll

FRAMHALD Á BLS 2.



Er þetta barnaheimili? eða skóli? - Nei þetta er ný bensínstöð.

Örn Ólafsson

Svarað fyrir Bgh

Heldur þótti mér óvinsamlega minnst 3. þings VNÍ í 21. tbl. Stéttabaráttunnar:"Eitt líkið jarðað - annað grafið upp?" Þar var gefið í skyn að liðsmannasamtökin sem loks voru stofnuð upp úr VNÍ, Baráttuhreyfing gegn heimsvaldastefnu, væru andvana fædd. Ekki voru þó neinar ástæður sem Palestínunefndin fékk við endanlega stofnun sína, í 12. og 13. tbl. Stb., því henni var fagnað sem "mikilvægu spori í skipulagningu andheimsvaldabaráttunnar á Íslandi" og menn hvattir til að fylkja sér um hana. Ég tek undir þær óskir, en bendi á, að þessi mikli munur á viðtökum Stb. stafar ekki af því að PLN hafi verið virkari en VNÍ og hópar hennar, það er öðru nær. Í greininni var ýmislegt fleira gefið í skyn, en það beið MVS að segja það berum orðum í 22 tbl.:"Þarna notfærðu trotskyistar og Alþýðubandalagsmenn sér meirihluta sinn til að kljúfa þá samstöðu sem undanfarin ár hefur ríkt innan "vinstri hreyfingarinnar" um Víetnamnefndina. Þetta var gert á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með setningu laga, er útiloka Palestínunefndina frá þátttöku í hreyfingunni".

1. Ekkert segir MVS um það hvernig lögin útiloki hana og ekkert sé ég stangast á í lögum og stefnuskrám þessara tveggja samtaka. Núna kveða lög Bgh á um pólitískt sjálfstæði hópa sinna og úrslitavald þeirra sjálfra um það hverjir séu félagar þeirra. Hvorugt var í lögum VNÍ frá 1975-77, en Palestínunefndin var þó í henni þá, undir "æðstu stjórn fulltrúaráðs" þar sem sátu m.a. þeir "trotskísku straumfræðingar" sem Stb. kvartar undan. Það er auðvitað mál Palestínunefndarinnar sjálfrar, með hvaða samtökum hún starfar, og hvernig, en það er fáránlegt að kenna þessari breytingu VNÍ yfir í Bgh. um það að Palestínunefndin hætti þátttöku.

2. "Í öðru lagi með samþykkt stefnuskrár sem gengur þvert á stefnuskrá marx-lenínista í alþjóðamálum og gerir þeim raunar ókleift að starfa í hreyfingunni....Það er afstaða okkar marx-lenínista að hættulegasti óvinur heimsfriðar í dag sé heimsvaldastefna Sovétríkjanna Við sættum okkur ekki við "andheimsvaldasinnaða" hreyfingu sem gengur gjörsamlega fram hjá þeirri staðreynd. Einhliða gagnrýni á annað risaveldanna merkti beinan og óbeinan stuðning við hitt.." Það átti sem sé að samþykkja grundvöll sem gerði mögulega baráttu Bgh gegn Sovétríkjunum. Tillaga Ástvalds: "Andstæðingurinn í þessari baráttu er heimsvaldastefnan hvar sem hún birtist" hún var þá ekki neinn "lágmarksgrundvöllur", eins og MVS segir þó rétt á undan. Orðalag hennar er það loðið að allir geta fallist á hana - með því að leggja gerólíkan skilning í orðin. Mestur hluti vinstri manna skilur heimsvaldastefnu sem æðsta stig auðvaldsins. höfuðandstæðingur alþýðu heimsins eru þá auðvaldsríkin með Bandaríkin í broddi fylkingar. Ég hélt, satt að segja, að allir vinstri menn vildu berjast gegn þessum andstæðingi, og þetta er auðvitað sameiningargrundvöllur vinstrimanna. Minnihluti þeirra álítur reyndar, að bandaríska heimsveldið sé í andarslitrunum, en annað heimsveldi margfalt hættulegra, komið í staðinn þar sem Sovétríkin séu (risavelda-eða moðhausakenningin). Nú spyr ég: Til hvers er stefnuskrá? Hún á ekki að vera orðagjálfur, sem getur merkt hvað sem er, hún á að vera leiðsögn í starfi. Með því að samþykkja togleðursorðalag Ástvalds hefðum við boðið heim hættunni á mismunandi túlkun á því fund eftir fund, stefnuskráin hefði ekki haft neitt annað hlutverk en að vera gervieining mikilla andstæðna. Hún hefði leyft endalaust þjark og skyndilegar kúvendingar stefnu eftir tilfallandi meirihluta á fundum (ég held bara að ég sé farinn að sakna gömlu Stéttabaráttunnar, hún hamaðist þó alltaf gegn því að breiða yfir andstæður). Fyrir það vildi ég girða með orðalaginu: "Höfuðandstæðingurinn í þessari baráttu er heimsvaldastefna Bandaríkjanna og tengdra ríkja". Það má vera rétt hjá ÁD (fundargerð þingsins, fjölrit Bgh, bls. 24) að þetta hafi misheppnast hjá mér, þetta útilokar ekki baráttu gegn "annari heimsvaldastefnu", en höfuðverkefnið er þó á hreinu.

Nú veit ég að til eru tvenn samtök með stefnuskrá þar sem almennt er talað gegn heimsvaldastefnu og ekkert nánar skilgreint hvað átt sé við. Það eru í fyrsta lagi Samtök herstöðvaandstæðinga. En þar tekur miðnefnd allar pólitískar ákvarðanir, hún var í raun tilnefnd hlutfallslega af flokkum og flokksbrotum vinstrivængs, þessi samtök eru þar að auki svo miklu öflugri en Bgh að risaveldakenningin fær þar nær engan framgang (eins og MVS viðurkennir í grein sinni) og sýnir það best að kenning þessi á býsna lítið fylgi á vinstrivæng þurfi einhver vitnanna við. Liðsmenn Palestínunefndarinnar eru kannski margir á þessari kenningu, og í stefnuskrá hennar er þetta orðað svo:"3. Fullur stuðningur við baráttu araba gegn heimsvaldastefnu og síonisma." En hér kemur til uppfyllingar, að PLO bannar Palestínunefndum allar ýfingar við Sovétríkin.

Það má kannski virðast rökrétt, að ef menn fylgi risaveldakenningunni, geti þeir ekki tekið þátt í neinni baráttu gegn heimsvaldastefnunni, nema hún beinist gegn Sovétríkjunum. En ef betur er að gáð þýðir þetta bara að m-larar geti ekki starfað með neinum öðrum en m-lurum. Sem betur fer fara þeir ekki eftir þessari firru, ekki einu sinni MVS; fyrst segir hann:"Samtök sem setja sér sem markmið alm. baráttu gegn heimsvaldastefnunni en ganga samt framhjá hættunni af Sovétríkjunum eru ekki andheimsvaldasinnuð nema í orði. Og gegn þeim hljóta marx-lenínistar að berjast." Síðan:"Það hefur sýnt sig að, eins og er, er ekki unnt að virkja SHA í þessari baráttu."(þ.e. gegn Sovétríkjunum), en rétt áður: "Verkefni marx-lenínista í andheimsvaldasinnuðu baráttunni framundan eru að mínu mati fyrst og fremst þríhliða:1)Efling á starfinu innan Samtaka herstöðvaandstæðinga." Hafa menn vitað aðra eins samkvæmni? Annars vegar: M-larar eiga að starfa með vinstrimönnum sem ekki viðurkenna risaveldakenninguna - starfa gegn heimsvaldastefnunni. Hins vegar: M-larar eiga að berjast gegn þvílíkum hreyfingum, sem berjast gegn heimsvaldastefnu alm., en ekki gegn Sovétríkjunum. Ef seinna viðhorfið er ríkjandi í KFÍ/ML, ætti flokkur sá að gera allheiftarlega sjálfsgagnrýni. Frá stefnubreytingunni 1974 og þangað til hér um daginn að félagsaðild var afnumin, störfuðu KSML og síðan KFÍ/ML í Víetnamnefndinni. Í stefnuskrá hennar hefur aldrei verið vikið einu orði að Sovétríkjunum, en frá upphafi til sept. ´75 sagði þar:"Höfuðbaráttumál nefndarinnar eru.... Baráttan gegn bandarísku heimsvaldastefnunni." og 1975-77: "Markmið nefndarinnar eru.. að berjast gegn bandarísku heimsvaldastefnunni ´ (samþykkt eftir drögum sem mig minnir að bæði KSML og EIK ML hafi staðið að, Fr.Kj. var flutningsmaður).

Í stefnuskrá Bgh (fæst fjölritað með lögunum, m.a. í Rauðu Stjörnunni) er vissulega ekkert minnst á Sovétríkin, - það er bara heilaspuni MVS að í henni felist stuðningsyfirlýsing við þau. En á þessum heilaspuna reisir hann fáránlega loftkastala um það hvernig enn ósamin grein okkar um Argentínu muni koma til með að líta út. Ekki verði þar farið að gagnrýna "skurðgoðin á Kúbu og Sovét". Ég nenni ekki að svara því, óska MVS bara góðrar skemmtunar, hafi hann virkilega ekkert þarfara að gera.

Ég þykist hér hafa sýnt fram á að Bgh varð að leggja í starfið með stefnuskrá sem segir hvað á að gera. Allir raunverulegir vinir stríðandi alþýðu heimsins geta augljóslega fylkt sér um þessa stefnuskrá, hvaða skoðanir sem þeir hafa að öðru leyti. Ég vona því að það reynist rangt hjá MVS að hún geri m-lurum ókleyft að starfa í hreyfingunni, vona það þeirra vegna. Þessi fullyrðing hans er þrátt fyrir allt í æpandi mótsögn við starf KFÍ/ML og EIK/ML undanfarin ár.

Svo hlakka ég bara til myndunar "liðsmannasamtaka gegn USSR"og ég mana MVS að auglýsa stofnfundinn opinberlega. Þar verða: Matti Jóh. og Styrmir Gunnarsson og Magnús Þórðarson og Albert Guðmunds og Gvöndur Garðarsson og Sverrir Hermannsson og Hannes Gissurar og allir Vellingar - en ekki ég.

ÚR BARÁTTUNNI

VERKFALL Í ÁLVERINU

Samninganefnd þeirra verkalýðsfélaga, sem aðild eiga að kjarasamningi við álverksmiðjuna í Straumsvík hafa boðað eins dags verkfall 21. júní. Þetta er í fyrsta skipti, sem boðað er til verkfalls í álverinu frá því starfræksla þess hófst, að undanskildu skæruverkfalli járniðnaðarmanna fyrir nokkrum árum til að mótmæla uppsögn tveggja starfsmanna. Tilgangur verkfallsins er auðvitað sá, að knýja á um lausn kjaradeilunnar og leggja áherslu á meginkröfu þeirra deilda, þar sem óhollustan er hvað mest, sem er stytting vinnuvikunnar. Þeirri kröfu hefur Ísal-auðvaldið synjað með öllu, svo og öðrum þýðingarmiklum sérkröfum.

Verkamenn í álverinu eru staðráðnir í því að standa fast á kröfunni um styttingu vinnuvikunnar, sem er afar þýðingarmikil krafa þegar tekið er tillit til þess hve óhollur vinnustaðurinn er og að miklu leyti er þar um vaktavinnu að ræða. Því er líklegt að framhald verði á aðgerðum, ef þessi verkfallsaðgerð dugir ekki til að fá fyrirtækið til að samþykkja hana.

15/6.

NÆTURVINNA Á DAGTAXTA

Allt of algengt er að fólk þekki ekki sinn rétt, og jafnvel að það noti hann ekki, þótt það þekki hann. Nokkuð skortir á að fylgt sé ákvæðum samninga um kaup fyrir næturvakt og um næturvinnukaup á dagvinnutímabili. Eftir samningum flestra félaga er það svo, að sé maður sem ekki er ráðinn á næturvakt, látinn vinna á nóttunni, þá fær hann auðvitað næturvinnukaup fyrir. Ennfremur skal hann halda fullu dagvinnukaupi daginn eftir. Sé hann svo látinn vinna þann dag, þá fær hann greitt næturvinnu - og dagvinnukaup. Brögð eru að því að eftir þessu sé ekki farið. Á Kópavogshælinu og e.t.v. víðar er það svo, að forfallist kona á næturvakt, þá er stúlka af dagvakt sett í henn stað, en fær í flestum tilfellum ekki greidda næturvinnu fyrir, heldur fær hún frí eina dagvakt í staðinn. Vitanlega verður dagurinn eftir oftast fyrir valinu og fer þá fríið í svefn. Þannig fæst hvorki aukagreiðsla né aukafrí fyrir að taka að sér næturvakt. Í kauptöxtum sem flest félög gefa út er greint frá reglum um næturvinnu og um næturtaxta á daginn, en í töxtum Sóknar er ekkert slíkt að finna. Það er lágmarkskrafa til þeirra sem þykjast vera að gæta hagsmuna verkafólks, að þeir fræði það um rétt sinn, en lúri ekki á samningum á skrifstofunni hjá sér eins og ormur á gulli.

ORA FRAMHALD AF BLS: 2

Tvennt má af þessu læra þ.e. í fyrsta lagi slappleiki forystuliðsins og í öðru lagi sú staðreynd að verkakonurnar treysta ekki forystuliði sínu, enda hafa þær enga ástæðu til þess. Þrátt fyrir megna óánægju með verkfallsbrotið meðal verkakvennanna er staðreyndin sú að þær létu ekki verkfallsstjórn Framsóknar vita. Ástæðurnar eru tvær: Vantraust og ótti við að missa vinnuna. Sú hætta vofir vissulega alltaf yfir stéttvísu verkafólki.

Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
23. tbl. 6. árg. 21/6. 1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Ísrael óttast frið

Hugmyndafræði síonista, afkvæmi evrópskrar þjóðernisstefnu síðustu aldar, er byggð á grundvelli útþenslu- og nýlendustefnu. Ísraelsríki, stofnað 1948 í Palestínu með beinni aðstoð og stuðningi breskrar nýlendustefnu, er afleiðing "þjóðernisstefnu" evrópskra gyðinga og sameiginlegra hagsmuna breta og bandaríkjamanna. Í þeim tilgangi að stofna gyðingaríki hröktu hermdarverkasveitir síonista hina arabísku íbúa Pelastínu burt frá heimalandi sínu, til að fá landsvæði fyrir hina innfluttu gyðinga.

Þeim gyðingum sem fluttu til Palestínu var lofað landi friðar, landi þar sem dræpi smjör af hverju strái. En þegar landnemarnir komu til fyrirheitna landsins fundu þeir hvorki frið né allsnægtir. Margir aðkomumannanna hefðu viljað snúa aftur til fyrri heimkynna, en síonísku yfirvöldin í Palestínu hindruðu þá í að fara. Til að halda hinum aðfluttu gyðingum í Ísrael, hófu leiðtogar síonista að skipuleggja gyðingana gegn Palestínumönnum og aröbum. Þó að meirihluti aðfluttu gyðinganna væri af austurlenskum uppruna og hefðu þurft að þola hörmungar nasista-Þýskalands, lét áróðursvél síonista slagorð eins og "aldrei aftur" dynja á gyðingum og almenningsálitinu í heiminum. Sérhver þjóðræk hreyfing í nálægum arabalöndum var brennimerkt sem "nasísk". Hugmyndafræði síonista skapaði hinum aðfluttu gyðningum ástand hættu og spennu sem ekki hefði þurft að eiga sér stað. Leiðtogar síonista hika aldrei við að tala um frið og sættir við araba. En hjá þeim þýðir friður kúgun á aröbum og neitun á tilveru og tilverurétti, þeirrar þjóðar sem þeir hafa bolað burt frá heimkynnum sínum, Palestínumönnum. Hugmyndafræði ofbeldis og árásarhneigðar fær ekki þrifist í neinu héraði eða landsvæði gegn vilja íbúanna. Vegna þess meðfædda vanmáttar síonismans að geta ekki fallist á að lifa sem jafningjar við hlið Palestínumanna, hefur "gyðingaþjóðin" nú í tuttugu og átta ár lifað algerri óvissu, sífellt á varðbergi með vopn í hönd, án nokkurs hlés til hvíldar.

Í raun og sannleika vilja leiðtogar síonista ekki sannan og varanlegan frið í Palestínu. Þeir óttast þann sanna frið sem yrði að viðurkenna rétt Palestínumanna til að búa í heimalandi sínu með jöfnum rétti og í sátt og samlyndi við hina aðfluttu gyðinga. Þeir óttast raunverulegan frið, vegna þess að þeir þyrftu að skila aftur herteknu svæðunum í Sinai, Golan hæðum og palestínsku landsvæðunum á Vesturbakkanum Gaza svæðinu. Þeir eru hræddir við frið vegna þess að hann myndi þýða hrun hinnar ofvöxnu hernaðarvélar þeirra og þess stjórnskipulags sem hún styður. Þeir hræðast frið vegna þess að ef á kæmist jafnrétti milli Palestínumanna og gyðinga myndi síonista ríkið missa sitt hrein gyðinglega einkenni og þannig missa hina ómissandi undirstöðu fyrir tilveru sinni, kynþáttafordóma. Friður er ósamrýmanlegur hinni síonísku hugmyndafræði, sem byggist á árásar-, útþenslu og nýlendustefnu.

Palestínumenn, hins vegar, hafa nú þegar tekið fyrsta skrefið í átt til friðar. Palestínumenn óttast ekki frið. Þeir eru tilbúnir að búa í jafnrétti með hinum aðfluttu gyðingum í frjálsu sameinuðu lýðræðisríki, þar sem öll trúarbrögð hafa jafnan rétt. Þeir eru líka tilbúnir að búa í sjálfstæðu

FRAMHALD Á BLS 2.

Soweto aðgerðirnar

Miðvikudaginn 15. júní s.l. stóðu nokkur samtök ásamt Kommúnistaflokki Íslands fyrir útifundi við Bernhöftstorfuna í Lækjargötu. Fundarboðendur vildu með þessarri aðgerð lýsa yfir stuðningi við baráttu blökkumanna í Asaníu (S-Afríku). Grundvöllur aðgeðarinnar voru þrjár meginkröfur þ.e: "frelsun pólitískra fanga", "gegn kynþáttakúgun S-Afríkustjórnar" og "styðjum frelsisbaráttu blökkumanna í S-Afríku". Þann 16. júní var ár liðið frá atburðunum í Soweto er hundruðir blökkumanna féllu fyrir skotum hermanna og lögreglu.

Þarlend námsmannasamtök höfðu hvatt til þess, að andófsaðgerðir yrðu um allan heim þennan dag til að minnast hinna föllnu. Sama daginn og fundurinn var haldinn í Reykjavík handtók lögreglan í S-Afríku 20 blökkumenn sem voru í stjórn stúdentasamtakanna Þrátt fyrir það voru í Soweto þær tveggja daga mótmælaaðgerðir sem áætlaðar höfðu verið, voru fjölmargir handteknir vegna þeirra.

Fundurinn í Lækjargötunni var ekki mjög fjölmennur, að sögn aðstandenda fundarins sóttu hann um 70manns.



Í Tímanum 15. júní s.l birtist frásögn skráð af Gsal sem segir frá ferðum Ragnars Júlíussonar eins fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í útgerðarráði BÚR. Greinin sýnir vel hvernig þessir "fulltrúar" fólksins ráðskast með fyrirtæki borgarinnar eins og þau væru þeirra eign. Þar sem útbreiðsla Tímans hefur að undanförnu dregist mjög saman þykir Stéttabaráttunni rétt að birta greinina í heild hér í blaðinu, þannig að hún komi sem flestum fyrir sjónir.

Þess má geta að ferðir borgarfulltrúa á kostnað BÚR eru ekkert einsdæmi og má nefna t.d. þegar þessi sami skólasjori fór ásamt fóstbróður sínum, borgarfulltrúa Alþýðubandalagsins, Sigurjóni Péturssyni trésmið til að velja fiskkassa fyrir BÚR. Þá var ferðinni heitið eins og nú hjá Ragnari, til Þýskalands. - Þeim er svo sannarlega margt til lista lagt borgarfulltrúunum okkar -

Útgerðarforkólfur háseti, eiginkonan matsveinn

"Ragnar Júlíusson formaður útgerðarráðs Bæjarútgerðar Reykjavíkur, borgarfulltrúi, skólastjóri, formaður fræðsluráðs Reykjavíkurborgar og formaður veiði- og fiskiræktarráðs er orðinnháseti á Bjarna Benediktssyni togara Bæjarútgerðarinnar og eiginkona hans er þar annar matsveinn, að því er Tíminn fékk staðfest hjá lögskráningu skipshafna í gær.

Hjónin fóru sína fyrstu ferð með togaranum s.l. föstudag, er því miður var ekki um veiðiferð að ræða heldur lá leið togarans beint til Bremerhaven, þar sem afli togarans verður seldur í dag, og síðan verður togarinn tekinn í slipp þar í borg. Að því er Einar Sveinsson forstjóri BÚR sagði í samtali við Tímann í gær, er um að ræða svonefnda fjögurra ára klössun á togaranum. Tíminn innti Einar Sveinsson eftir ástæðum þess að Ragnar Júlíusson og frú væru orðin hluti áhafnar Bjarna Benediktssonar. - Hann er bara að notfæra sér ferðina sagði Einar, og fer til Þýskalands í einkaerindum. Einar sagði að það væri ekki ætlast til að þau hjónin ynnu um borð, þó svo þau væru skráð sem háseti og annar matsveinn. Hann kvaðst ekkert hafa heyrt um það hvort BÚR myndi greiða þeim kaup fyrir ferðina, en um fargjald hefði ekki verið rætt. Spurningu um það hvers vegna þau hjónin hefðu verið skráð sem háseti og 2. matsveinn sagði Einar, að það væri formsatriði vegna tryggingar þeirra. - Vegna þessa svars hafði Tíminn samband við lögskráningu skipshafna og spurðist fyrir um það hvort nauðsynlegt væri að skrá farþega (hjónin eru auðvitað ekkert annað en farþegar með togaranum) sem hluta áhafnar. Fengum við þau svör að slíkt væri síður en svo nauðsynlegt. Venjan væri sú að farþegar á skipum væru skráðir án starfstitils. Útgerð-

Stórlaxinn
Ragnar Júlíusson

FRAMHALD Á SÍÐU 2.

Barátta sjómanna

Rauntekjur togarasjómanna

Í 11. og 12. tbl. Stéttabaráttunnar var birt úttekt á raunverulegum tekjum (þ.e. bæði jafnaðartímakaup og árslaun) sjómanna á stóru togurunum. Var úttektin byggð á kjarasamningum og skýrslu LÍÚ um aflamagn, aflaverðmæti og úthaldsdaga ´76. Í ljós kom að jafnaðartímakaup fyrir 12 klst. vinnudag var á bilinu 389-594 kr. á tímann en á meðaltogaranum voru launin 504 kr. Meðal árslaun voru hins vegar um 1,6 milljón fyrir 9 mánaða úthald. Nú hefur Stéttabaráttan einnig reiknað út kjörin á litlu togurunum og birtist niðurstaða þeirra reikninga hér á eftir.

Kjörin þar eru nokkru betri en á þeim stærri. Byggist það mikið að því að skipstjórarnir brjóta stöðugt vökulögin. Hásetarnir eru oft látnir sleppa annarri frívaktinni (6 klst. vaktir), ef vel fiskast. Þess vegna er í töflunni gert ráð fyrir 12, 14 og 16 tíma jafnaðarvinnu á sólarhring. Til hægðarauka fyrir landkrabba er töflunni skipt niður eftir landshlutum en vegna eindregins vilja togarasjómannna eru í henni 41 togari (þ,e. allir litlir togarar sem voru komnir fyrir áramótin 75-76). Sjómannasambandið hefur látið hagfræðing sinn gera áþekka útreikninga en í þeim er um 15% skekkja í tímakaupsútreikningunum. Í útreikningunum eru notaðir úthaldsdagar og fjöldi landana. Til að fá unnar klukkustundir á sjó er rétt aðferð að finna fyrst hvað löndunarfríin svara til margra daga og draga þá frá fjölda úthaldsdaga. Sú tala sem þá fæst út er síðan margfölduð með 12, 14 eða 16. Hagfræðingurinn hefur hins vegar byrjað á því að margfalda úthaldsdagana með 12, 14 eða 16 og dregið síðan frá (30 X fjöldi landana). Lögum skv. ber togurum að stoppa a.m.k. 30 tíma milli túra en að sjálfsögðu svarar sá tími ekki allur til vinnutíma sjómanna, þeir þurfa jú líka að sofa þótt í fríi séu. Þótt skipstjórar og útgerðarmenn geri sig seka um að brjóta vökulögin er óvarlegt að okkar mati að saka þá um að láta áhöfnina vinna 30 klst. án hvílda. Útreikningar þeir sem sjómannasambandið hefur látið frá sér fara eru rangir, sjómönnum í óhag, þ. e. kaup þeirra er sagt að meðaltali 10-15% of hátt, er það þeim væntanlega ekki til framdráttar í yfirstandandi samningum. Dæmi um mismuninn má nefna að miðað er við 12 klst. vinnudag fær hagfræðingurinn út að jafnaðartímakaup á meðaltogara sé 883 kr. en rétt tala er 760 kr.

MISGÓÐ KJÖR EFTIR LANDSHLUTUM.

Töluverður munur er á afkomu sjómanna eftir því hvaðan af landinu togararnir eru. Þannig eru árslaun fyrir 9. mánaða - úthald á miðlungsgóðum austfirskum togara um 1,4 milljónir og fara allt niður í 1,2 milljónir. Æsifréttaritarar Morgunblaðsins og síðdegisblaðanna minnast hins vegar aldrei á slíka togara. Í þeirra málflutningi eru aðeins fréttnæmir togarar á borð við ÍS Bessa, Guðbjörgu, Guðbjart og Gylli. Á næstunni mun birtast hér í blaðinu grein sem fjallar um tilgang æsiskrifanna og kröfur sjómanna. Stéttabaráttan vill hvetja menn til að kynna sér vel hver raunveruleg kjör togarasjómanna eru áður en þeir meðtaka hráan áróðursboðskap borgaranna um þau.

FRAMHALD Á BLS 2.

GERIST ÁSKRIFENDUR

Stéttabaráttan vikublað